


STJÓRNSÝSLUSKÓLINN FAGHÁSKÓLANÁM

Sp. 3. Menntun (2016)

	Fjöldi	%
Grunnskólapróf eða minna	211	8,6
Grunnsk.pr auk viðb.menntunar	640	26,1
Lokið framhaldsskóla	528	21,5
Lokið frh.sk. auk viðb.menntunar	789	32,2
Lokið BA, BS eða samb. hásk.gr.	227	9,3
Lokið MA, MS eða doktorsgráðu	58	2,4
Fjöldi svara	2.453	97,6
Tóku afstöðu	2.453	98,1
Tóku ekki afstöðu	47	1,9
Fjöldi svarenda	2.500	100,0



Forsendur


- Hjá ríkinu starfa tæplega 22 þúsund starfsmenn í um 18.000 stöðugildum. Af því eru félagsmenn SFR um 3.800, eða um 22%
- Stofnanir ríkisins eru um 200 talsins.
- Umhverfi starfsmanna ríkisins er annarskonar en á almennum vinnumarkaði. Ríkið sinnir lögbundnum verkefnum og er það skylda og ábyrgð ríkisins að veita þjónustu þar sem almannahagur og velferð borgaranna er í brennidepli.
- Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eru jafnframt bundin í lög og ber ríkisstarfsmönnum að fylgja viðmiðum um framkomu og háttsemi.
- Það er hlutverk ráðuneyta og stofnana að móta og framkvæma stefnu ríkisvaldsins og markast því vinnulag og ákvarðanataka af nálægð við pólitískt vald.
- Rík krafa um hegðun og fagmennsku er lögð á herðar opinberra starfsmanna umfram aðra.
- Allir þeir sem hefja störf hjá ríkinu þurfa að þekkja til þessarar sérstöðu og hafa greiðan aðgang að fræðslu um hlutverk, gildi, vinnuumhverfi og starfsemi stofnana framkvæmdarvaldsins.
- Slík fræðsla er líkleg til að skila sér í betra starfi innan ráðuneyta og stofnana og ánægðari starfsmönnum

Markmið skv. kjarasamningum 2014

- Að styrkja íslenska stjórnslu.
- Að tryggja að stofnanir ríkisins og stjórnendur þeirra eigi greiðan aðgang að framúrskarandi náms- og starfsþróunarleiðum fyrir starfsfólk sitt.
- Að efla þekkingu starfsfólks ríkisins á viðurkenndum stjórnsluháttum.
- Að tryggja stofnunum og starfsfólki ríkisins aðgang að markvissri og viðurkenndri menntun og þjálfun.
- Að tryggja að stofnanir og starfsfólk ríkisins geti mætt kröfum um breytt verklag og nýjum áherslum í starfsumhverfi.
- Að styrkja starfsmenn ríkisins í að sinna störfum sínum í samræmi við lög og reglur um réttindi og skyldur sem þá varða.
- Að starfsmenn sem þegar búa yfir margvíslegri hæfni geti fengið menntun sína og getu metna og haldið áfram að bæta við sig þekkingu og færni.
- Að ríkið sé aðlaðandi kostur fyrir ungt fólk sem geti séð góða framtíðarmöguleika í að mennta sig sem starfsmenn stjórnslunnar


MENNTUN FÉLAGSMANNA sfr: UM 11% MEÐ HÁSKÓLAPRÓF

■ Grunnskólapróf ■ Framhaldsskólapróf ■ BA/BS gráða ■ Framhaldsnám á háskólastigi



MENNTUN FÉLAGSMANNA sfr: UM 54% HAFA LOKIÐ FRAMHALDSSKÓLAPRÓFI, EN EKKI HÁSKÓLANÁMI


■ Grunnskólapróf ■ Framhaldsskólapróf ■ BA/BS gráða ■ Framhaldsnám á háskólastigi



ÁHERSLUATRIÐI fyrir einstaklinga í þessum tveimur hópum

- Að bjóða upp á starfstengt fagháskólanám sem gagnast starfsmanni og þeirri stofnun sem hann vinnur hjá með beinum hætti
- Að námið sé fullgilt og metið háskólanám sem starfsmenn/nemendur geta nýtt sér til að byggja ofan á frekara háskólanám ef vill

Stjórnsýsluskólinn: fagháskólanám á grunnstigi FYRIR STARFSMENN RÍKISINS



60 ECTS einingar í tveggja ára dreifnámi með vinnu

Námslýsingar

1) Stjórnkerfi Íslands

Hæfniviðmið

Að þátttakendur:

- Fái innsýn í uppbyggingu íslensks stjórnkerfis og þrískiptingu ríkisvaldsins.
- Þekki til valdsviðs skipulagsheilda stjórnkerfisins og hvernig eftirliti með störfum þess er háttáð.
- Fái yfirsýn yfir helstu verkefni ríkisins og hvar þeim er komið fyrir.
- Átti sig á því hvernig opinber rekstur markast af laga- og regluumhverfi.
- Þekki til lýðræðislegra vinnubragða og hvað felist í lýðræðislegu fyrirkomulagi.

Námslýsing

Umgiörð opinberrar stjórnsýslu er hið íslenska stjórnkerfi. Á námskeiðinu verður farið yfir grundvallaruppbyggingu stjórnkerfisins og helstu verkefni stjórnsýslunnar:

- Stiklað er á stóru í sögulegu ágrípi um þróun íslenska stjórnkerfisins.
- Fjallað er um tvískiptingu stjórnsýslustigsins í ríki og sveitafélög og verkaskiptingu þar á milli.
- Hugmyndin að þrískiptingu valdsins er kynnt og hvernig ætlast er til að hver valdaeining veiti annarri aðhald.
- Fjallað er um stjórnarráð Íslands þar sem sjónum er beint að uppbyggingu ráðuneyta og undirstofnana.
- Fjallað er um hvernig verkefni ríkisstofnana markast af lögum og stjórnsýslufyrirmælum.
- Fjallað er um fjárlög, farið yfir fjárlagaferlið og hvernig fjárlög ramma inn verkefni ríkisins.
- Yfirsýn er veitt um hver eru helstu viðfangsefni opinberrar stjórnsýslu þar sem verkefni snúa að almannahag og velferð.
- Fjallað er um samstarf ráðuneyta og stofnana.
- Fjallað um hugtakið lýðræði og ýmis birtingarform þess.

Fyrirkomulag

Lengd

Umsjón

1) Sérstaða verkefna ríkisins, ábyrgð og ákvarðanatataka

Hæfniviðmið

Að þátttakendur:

- Öðlist þekkingu á því hvernig nálægð við hið pólitíska vald hefur áhrif á starf, ábyrgðarsvið og valdsvið stofnana ríkisins.
- Þekki til sérstöðu verkefna ríkisins og að hvaða leyti þau eru frábrugðin einkarekstri.
- Þekki til hugtaksins ráðherraábyrgð.
- Átti sig á þeim gildum sem einkenna opinbera framkvæmd og stjórnsýslu.
- Átti sig á hugtakinu almannahagur/almannaheill.
- Þekki til verklags innan stjórnsýslunnar þegar ákvarðanir eru teknar s.s í samstarfi við hagsmunaaðila.

Námslýsing

Ríkinu eru falin verkefni og þjónusta sem varðar almannahag og þeirri framkvæmd er fylgt eftir að ákveðnum gildum sem einkenna alla starfsemi ríkisins. Opinber stjórnsýsla lýtur um leið pólistískri forystu og markast af ráðherraábyrgð sem hefur margvísleg áhrif á starfshætti og skipulag:

- Rýnt er í nálægð stjórnsýslunnar við vald og pólitíska ákvarðanatöku þar sem mikilvægt er að fylgja eftir upplýsingaskyldu, rétttri málsmeðferð, gagnsæi og heiðarleika.
- Fjallað er um sérstöðu verkefna ríkisins og hvernig þau tengjast almannahag og hvaða vinnureglur eru hafðar í heiðri.
- Fjallað um ráðherraábyrgð og birtingamyndir þess valdsviðs.
- Fjallað er um umboðskeninguna (e. principal-agent theory) og hvernig sú kenning skýrir tenginguna frá kjósenda til opinberra starfsmanna, þ.e. framsal valds frá einum hlekk til annars. Fjallað er um þann umboðsvanda sem á sér stað þegar endurspeglun á vilja kjósenda bregst í framkvæmd.
- Fjallað er um þau gildi sem einkenna opinberra stjórnsýslu og áherslu á fagmennsku og gæði við framkvæmd og umsýslu verkefna.

Fyrirkomulag

Lengd

Umsjón


Ferli-næstu skref

1. Að semja við viðurkenndan háskóla um að kenna og útskrifa nemendur miðað við sitt gæðakerfi
2. Tryggja þarf mat á þverfaglegu diplómanámi til áframhaldandi háskólanáms til BS eða BA gráðu
3. Markmið að hefja nám næsta vetur

Mögulegir háskólar: HÍ, HR, HA eða Bifröst

MENNTUN FÉLAGSMANNA sfr: TÆP 35% HAFA EKKI LOKIÐ FRAMHALDSSKÓLAPRÓFI

■ Grunnskólapróf ■ Framhaldsskólapróf ■ BA/BS gráða ■ Framhaldsnám á háskólastigi



ÁHERSLUATRIÐI fyrir einstaklinga sem ekki hafa lokið framhaldsskólaprófi

- Að fyrra nám þeirra sé metið
- Að færni þeirra, hæfni og reynsla sé metin
- Að þeir hefji nám út frá ofangreindu á viðeigandi stað innan framhaldsskólans
- Að allt nám sé metið til feininga og geti leitt til framhaldsskólaprófs
- Að námið endurspegli þarfir hópsins og þeirra stofnanna sem þeir starfa fyrir

Næstu skref-ákvarðanataka

1. Fá niðurstöður úr könnun, vinna úr þeim og móta námsúrræði miðað við þarfir
2. Þróa matsgátt og semja við fræðslu aðila um nám út frá þeim þörfum
3. Velja háskóla til að semja við um stjórnsýsluskólann

**NÁMSLEIÐIR FYRIR ÞÁ
SEM EKKI HAFNA
FRAMHALSSKÓLAPRÓF**

MAT Á STÖÐU, FYRRA
NÁMI OG RAUNFÆRNI

RÁÐGJÖF

(Starfsmennt)

Tæplega 2.000
félagsmenn SFR hafa
ekki lokið
framhaldsskóla- eða
stúdentsprófi

2. hæfniprep

Starfsnámsbrautir
(FÁ, MK, BHS)

Félagsliðabraut-Félagsmála- og tómstundabraut-Heilbrigðisritarabraut-
Læknaritarabraut-Sóttthreinsitæknabraut-Skrifstofubraut-Viðurkenndur bókari

Menntastoðir
(MSS, Mímir o.fl.
símenntundarmiðstöðvar)

3. hæfniprep

Framhaldsnám til
stúdentsprófs
(framhaldsskólar)

Háskólabrú
(Keilir)

200 feiningar, einstaklingsbundið mat ræður hvar einstaklingur hefur nám

MAT Á STÖÐU, FYRRA
NÁMI OG RAUNFÆRNI

RÁÐGJÖF

(Starfsmennt)

Tæplega 2.000
félagsmenn SFR hafa
ekki lokið
framhaldsskóla- eða
stúdentsprófi

2. hæfniprep

Starfsnámsbrautir
(FÁ, MK, BHS)

Félagsliðabraut-Félagsmála- og tómstundabraut-Heilbrigðisritarabraut-
Læknaritarabraut-Sóttthreinsitæknabraut-Skrifstofubraut-Viðurkenndur bókari

Menntastoðir
(MSS, Mímir o.fl.
símenntundarmiðstöðvar)

3. hæfniprep

Framhaldsnám til
stúdentsprófs
(framhaldsskólar)

Háskólabrú
(Keilir)

200 feiningar, einstaklingsbundið mat ræður hvar einstaklingur hefur nám

Mat og raunfærnimat í Háskólabrú

- Inntökuskilyrði að viðkomandi hafi lokið 100 feiningum hvar skólinn getur metið starfsreynslu til 10 eininga
- Háskólabrú með vinnu er kennd í fjarnámi og tekur tvö ár
- Raunfærnimat til styttingar á námi við Háskólabrú í skoðun
- Starfsmennt og Keilir vinna að málinu og munu skila tillögum í lok maí/byrjun júní